

Frá: Villó Aflmark <villo@aflmark.is>
Sent: mánudagur, 23. janúar 2023 18:46
Til: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Efni: Úthlutun byggðakvóta Grímsey

Sæll og gleðilegt ár.

Ég vil taka upp penna og senda ykkur bréf og þakka fyrir þann stuðning sem beiðni okkar hér í Grímsey um aukin almennan byggðakvóta fékk hjá ykkur.

Það munar um þessi 30 tonn.

Kærar þakkir fyrir ykkar stuðning.

Í framhaldi af þessum fréttum hefði ég viljað fyrir hönd allra þeirra hér í Grímsey sem ekki fá úthlutun úr brothætta byggðakvótanum að úthlutað verði úr almenna byggðakvótanum eins og gert er á Dalvík.

Í reglum fyrir Dalvík má lesa þetta:

Dalvíkurbyggð.

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á *þannig: 30% úthlutaðs byggðakvóta byggðarlags skal skipt jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja um byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1. gr.* Óski einhver eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt þessu ákvæði, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt milli hinna umsækjendanna. *70% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Ekkert skip fær þó meira en 35% af þeim 70% sem skipt er samkvæmt lönduðum aflu.*

Síðasta málsgreinin er mjög mikilvæg.

Það væri gaman að fá viðbrögð frá ykkur varðandi þetta.

Vilhjálmur Ólafsson

Útgerðarmaður

Markafl ehf

